# Mikilvægi verkalýðsbaráttunnar

Umræðupunktar frá SÓ 15.03.2023

Norræna velferðarríkið er sérstakt í heiminum, en það er afrakstur óvenju mikilla áhrifa vinstri stjórnmála og verkalýðshreyfingar á 20. öldinni. Ísland hefur til lengri tíma búið að veikari vinstri stjórnmálum en hinar norrænu þjóðirnar en á hinn bóginn hefur verkalýðshreyfingin íslenska verið sterk og að sumu leyti bætt upp veikari stjórnmálaáhrif launafólks. Það hefur þó verið misjafnt hversu sterklega íslensku verkalýðshreyfingunni hefur verið beitt.

Lífskjör batna ekki sjálfkrafa heldur hefur þurft að berjast bæði fyrir **kaupmætti** fyrir launavinnu og **uppbyggingu velferðarkerfisins**. Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar hefur verið mikið í mótun og þróun lífskjaranna, eins og sýnt er ítarlega í bókinni *Baráttan um bjargirnar* (2022).

Eftirfarandi eru nokkrir gagnlegir umræðupunktar:

- Íslenska velferðarríkið hefur verið **eftirbátur hinna norrænu velferðarríkjanna** lengst af frá lokum seinni heimsstyrjaldar og nær í dag ekki máli sem öflugt norrænt velferðarríki.
- Frá 1960 til 1990 var gengispólitík beitt sem helsta stýritæki hagstjórnar í landinu, oft með óhóflega miklum gengisfellingum. Af því hlutust miklar verðbólgubylgjur sem skertu kaupmátt launafólks ítrekað. Þetta setti verkalýðshreyfinguna **oftast í varnarstöðu**.
- Baráttan snérist öðru fremur um að **endurheimta tapaðan kaupmátt** en síðan brugðust fyrirtækin við með enn frekari verðhækkunum. Í dag erum við komin í svipað ástand, þar sem óhóflegar verðhækkanir eru notaðar til að skerða kaupmátt launafólks. Einnig óhóflegar stýrivaxtahækkanir Seðlabankans.
- Með þjóðarsáttinni 1990 var gengisstefnunni breytt (dregið úr gengisfellingum) og verðbólgan lækkaði verulega. Þá dugðu minni kauphækkanir til að ná kaupmáttaraukningu.
- Í kjölfarið dró úr þrýstingi verkalýðshreyfingarinnar í kjarabaráttunni.
- Um leið og verkalýðshreyfingin slakaði á í stéttabaráttunni **jók yfirstéttin baráttu sína fyrir bættum hag og fríðindum fyrirtækjaeigenda og fjárfesta**, ríkasta fólkinu í samfélaginu, með nýfrjálshyggjuna að vopni. Ríkisstjórnir tímabilsins 1995 til 2008 studdu það.
- Við tóku breytingar á **velferðarkerfinu, skattkerfinu og húsnæðiskerfinu** sem allar voru til að rýra kjör lægri tekjuhópa. Kjör yfirstéttarinnar bötnuðu hins vegar og **ójöfnuður tekna jókst mjög hratt**, alveg fram að fjármálahruninu 2008. Ofurríkidæmi varð til á Íslandi í fyrsta sinn.
- **Lífskjarasamningurinn 2019** byggði á samstöðu Eflingar, VR og fleiri félaga sem skapaði öflugan þrýsting bæði á atvinnurekendur (SA) og stjórnvöld. Verkföll Eflingarfólks nýttust til að styrkja samningsstöðu samflotsins alls. Það skilaði góðum kjarasamningi fyrir launafólk, bæði með góðri kaupmáttaraukningu og umbótum velferðarmála og skattheimtu (lægri tekjuskattur á lægstu tekjur). Verkafólk fékk mestu kjarabæturnar.
- Atvinnurekendur fengu meirihluta verkalýðsfélaga til að fallast á **skammtímasamning 2022 vegna mikillar verðbólgu og óvissu, að sagt var**. Markmið SA var að **taka niður kaupmáttinn** með „hóflegum“ launahækkunum. Það tókst. Kaupmáttur mun rýrna bæði á árinu 2022 og 2023, þrátt fyrir óvenju góða afkomu fyrirtækja – eins og Efling hefur ítrekað bent á.
- Þetta tap **þarf að endurvinna og gott betur** í næstu samningalotu með samsvarandi samfloti stórra verkalýðsfélaga og virkri kjarabaráttu. Einnig þarf að knýja fram verulegar umbætur í húsnæðismálum, barnabótum, heilbrigðismálum, skattamálum og fleiru.
- Án virks viðnáms og sóknar frá verkalýðshreyfingunni mun atvinnurekendum og hægri stjórnmálamönnum takast að **keyra lífskjörin hér á landi niður á lægra stig**, þó hagsæld og auðlindir þjóðarinnar ættu að geta skilað launafólki mun betri kjörum.
- **Baráttan heldur því áfram að vera mikilvæg fyrir lífskjör launafólks.**

# The Importance of Labour Struggles

Discussion points from SÓ 15.03.2023

The Nordic Welfare State is unique in the world. It is the result of unusually great joint influences of left politics and the labour movement during the 20th century. Iceland has had weaker left politics but on the other hand the Icelandic labour unions have been strong and partly made up for the weaker political influences of workers. But labour unions have not always been strategically used.

Living conditions do not improve automatically. They have to be fought for, both the level of real earnings and the build-up of the welfare state. The Icelandic labour unions have had a great role in shaping the level of living, as is shown in detail in the book *Baráttan um bjargirnar* (2022).

The following are a few useful discussion points:

- The Icelandic welfare state usually **lagged behind the other Nordic welfare states** since the end of WW2. Today it is significantly weaker in some important areas.
- From 1960 to 1990 the economic management relied heavily on monetary policy, with **recurrent excessive devaluations** of the Icelandic Krona. This produced **excessive inflation which reduced the real wages of labour**. Thus the labour unions were repeatedly put in a defensive position.
- The struggle in that period revolved mainly around **regaining lost purchasing power**, but then the firms kept raising prices thus reducing real wages again. A spiral of inflation was thus maintained by the firms. Today we face a similar situation, with excessive inflation used to reduce wage standards of labour. The Central Bank's excessive interest rises do the same.
- With a famous **Social Pact of 1990** the devaluation policy was slowed down and inflation came down significantly. Smaller wage rises would then do to increase real wages.
- Following that **the labour movement reduced its pressure in the struggle for higher pay** and better welfare. At the same time the upper class increased its pressure for more favourable conditions for profit-making for the richest group, with **neoliberal policies**. Governments of the period from early 1990s to 2008 supported that.
- This led to **changes of the welfare state, taxation system and housing provisions which all reduced the level of living of lower income groups**. Income and wealth of the upper class increased on the other hand excessively. Inequality deepened rapidly until 2008. **Excessive wealth became a reality** in Iceland for the first time.
- The **Level of living bargaining contract of 2019** was based on joint successful pressure from Efling, VR and other unions, both against SA and gvernment. Efling strikes bolstered the bargaining position for all. The result was a good contract, both with significant rises of real wages and improved welfare and lower taxes on lower incomes. **Workers gained most.**
- Employers got the majority of unions to go for a short-term contract last year, supposedly to combat inflation and uncertainty. **Their goal was to take down the real wage level**. That succeeded. Real wages came down in 2022 and will do so futher in 2023, despite an unusually profitable situation of firms – as Efling has repeatedly pointed out.
- **This loss has to be regained and extended** in the coming contract (before January 2024) with a **strong cooperation of unions and real pressure**. Real reform in welfare, housing and taxation is also needed.
- Without effective pressure from the labour movement employers and right wing politicians will be able to lower living standards of employees in Iceland.
- **The struggle of labour will thus continue to be of major importance for life in Iceland.**